

Fundargerð 73. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 30. ágúst 2021, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Greinargerð stýrihópsins um framvindu sóknaráætlanasamninga og ráðstöfun fjármuna 2020**
- 2. Starfsáætlun stýrihópsins og starfið framundan**
- 3. Haustfundir stýrihóps og landshlutasamtaka**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Bryndís Eiríksdóttir (ANR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR fór kl. 14), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (UAR), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Á fjarfundi: Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Þórarinn Sólmundarson (MMR) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN) og Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (landshlutasamtökunum).

Formaður setti fund og bauð nýja meðlimi stýrihópsins velkomna, þær Elísabetu Lindu og Valgerði Rún. Að því loknu kynntu fulltrúar hópsins sig. Því næst var gengið til dagskrár.

Umfjöllun og afgreiðsla:

- 1. Greinargerð stýrihópsins um framvindu sóknaráætlanasamninga og ráðstöfun fjármuna 2020**

Verkefnisstjóri fór yfir efnistösk greinargerðar og helstu tölur. Nokkur umræða varð um þennan lið, meðal annars um framsetningu talna og hvort breyta þurfi henni. Verkefnisstjóri sendir drög til yfirlestrar á næstu dögum.

- 2. Starfsáætlun stýrihópsins og starfið framundan**

Farið var yfir starfsáætlun stýrihópsins fyrir árið 2021 sem samþykkt var í janúar sl.

- 3. Haustfundir stýrihóps og landshlutasamtaka**

Formaður og verkefnisstjóri ræddu hugmyndir um nýtt fyrirkomulag fundanna. Rætt um hvort eigi að vera með einn sameiginlegan fund, og þá fjarfund en jafnframt fara eina vettvangsferð eða tvær að hausti. Ákveðið að formaður og verkefnisstjóri leggi til tímasetningu ferða og funda.

Næsti fundur verður 4. október 2021.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25